



AFRÉTTARMÁLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

7. fundur Afréttarmálanefndar Hrunamannahrepps var haldinn 20. febrúar 2024 í Ráðhúsinu á Flúðum kl. 17:00.

Mættir eru: Björgvin Ólafsson, formaður, Þórmundur Smári Hilmarsson og Kristín Magnúsdóttir í fjarfundi. Auk þeirra sátu fundinn Jón Bjarnason oddviti og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Formaður setti fund og stjórnaði. Hér var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu

Sveitarstjóri kynnti minnisblað frá lögfræðingi sveitarfélagsins um drög að reglugerð sem nú liggur í samráðsgátt stjórnvalda um sjálfbæra landnýtingu. Málið var rætt á síðasta fundi sveitarstjórnar og þar var sveitarstjóra og oddvita falið að vinna endanlega umsögn í samvinnu við nefndarmenn í Umhverfisnefnd og Afréttarmálanefnd.

Eftirfarandi umsögn er hér lögð fram til kynningar og umsagnar:

Hrunamannahreppur gerir eftirfarandi athugasemdir við þá reglugerð sem hér hefur verið lögð fram:

Drög að reglugerðinni eru sett með stoð í landgræðslulögum og við gerð hennar, sbr. 11. gr. Igrl. skal hafa samtal við sveitarfélög við gerð hennar. Ekkert slíkt samtal hefur átt sér stað við Hrunamannahrepp. Ljóst er af ákvæðinu að slíkt samtal hefði átt að fara fram áður en reglugerðin var sett í samráðsgátt.

Óljóst er jafnframt af 11. gr. reglugerðarinnar hvernig aðkoma sveitarfélaga að eftirliti með ósjálfbærni eigi að vera háttað. Ekkert liggur heldur fyrir um áhrif reglugerðarinnar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga. Kostnaður við ýmis verkefni er tengjast reglugerðinni, t.d. friðun landsvæða ofl. er illa skilgreindur og lítt fjallað um hver skuli bera kostnaðinn.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar er það *Land og skógur* sem leggur mat á ástand lands, árangur af gróður- og jarðvegsvernd og eflingu og endurheimt vistkerfa með tilliti til mismunandi landnytja. Þar ber einkum að horfa til „vistgetu“ þess lands sem um ræðir. Telja verður varhugavert að beita slíkri aðferðarfræði við þetta mat. Sú nálgun byggir einkum á tilgátufræðum en ekki rannsóknum.

B.Ó

Hrunamannahreppur tekur undir umsögn Bændasamtaka Íslands, dags. 13. febrúar 2024, þar sem kemeur fram að upplýsingar um framboð beitar og nýtingarhlutfall beitarlands ætti að vera grundvallar forsenda fyrir beitarnýtingu samhliða ástandsmati. Óljóst er í mörgum tilvikum hver séu hin svokölluð *viðmiðunarsvæði* og hvernig þau eru valin.

Með reglugerðinni eru gerðar aðrar og meiri kröfur til bænda sem nýta afréttinn, umfram aðra landnotendur, en að jafnaði þurfa aðrir landnotendur eingöngu að forðast að raska landi, sama í hvaða ástandi það er, og endurheimta það í samræmi við það rask sem þeir valda. Bændur þurfa hins vegar að hætta að nýta afrétti, sem eru í nánar tilgreindu ástandi, jafnvel þótt landið sé háð beinum eignarrétti þeirra. Jafnframt er gerð krafa til bænda um að þeir bæti land umfram það sem þeir hugsanlega raska með nýtingu sinni.

Hvað varðar nánari viðmið um beitarland og viðauka 1 með reglugerðinni, virðist gengið mjög nærri afréttarlöndum, sem og mörgum eignarlöndum, þegar kemur að nýtingu þess lands til búfjárræktunar.

Jafnframt virðist gengið mjög nærri stjórnarskrárvörðum réttindum með þessum viðmiðum, þá einkum 72. og 75. gr. stjkskr. Má þar nefna skilyrði um að land með minna en 20% æðplöntuþekju, yfir 600 m hæð og yfir 30° halla skuli ekki nýtt til beitar. Hér er í raun verið að útiloka nýtingu á stórum hluta landsins en ekkert fjallað um það hvernig ákvæðið eigi að ná markmiði sínu.

Þannig má halda því fram að með þessu sé í raun verið að banna alfarið lausagöngu búfjár á Íslandi, sem hefur verið grundvallar forsenda í íslenskum landbúnaði í hundruðir ára.

Ekki verður séð hvernig þetta *samræmis meðalhófi og rannsóknarreglu sem hvílir á stjórnvöldum*. Telja verður verulega óraunhæft og tilgangslaust að ætla að stýra umferð búfjár um ákveðin svæði. Því fylgir gríðarlegur kostnaður, til að mynda í formi búfjárgirðinga, og yrði ávinningurinn lítill sem enginn.

Í skilgreiningu viðaukans á náttúrulegum rofferlum (tafla 2), er ekki horft á einn mikilvægasta áhrifaþáttinn sem er veðurfar. Ljóst er að veðurfar er veigamikill þáttur í rofi lands, og þá einkum sterkir vindar og kuldi.

Mikil áhersla er lögð á í viðaukanum að komið verði í veg fyrir búfjárbeit með friðun lands, og þá á landi í flokki C. Telja verður að slíkt sé varhugavert og í ósamræmi við reynslu sem fengist hefur t.d. af verkefnum Landbótasjóðs og Bændur græða landið. Þar hefur verið sýnt fram á að hægt er að ná árangri með uppgræðslu án friðunar. Ljóst er því að hófleg beit getur í raun stuðlað að fjölbreytni í gróðurfari og einnig aukið líffræðilega fjölbreytni, líkt og vísað er til í umsögn Bændasamtaka Íslands.

Með reglugerðinni er þáttökuvilja bænda til landgræðsluverkefna stefnt í hættu. Slíkt verður að teljast verulega varhugavert en það eru beitarréttarhafar sem standa fremst í þeirri vinnu að græða landið upp og endurheimta. Af lestri reglugerðarinnar mætti draga þá ályktun að hnignun vistkerfa megi alfarið rekja til beitar. Það fær þó ekki staðist, enda ljóst að sauðfé á afréttum hefur fækkað gríðarlega undanfarna áratugi.

B.ó

Í reglugerðinni eru engin viðmið sett við flokkun beitar, heldur eingöngu stuðst við fyrrnefnd viðmið. Þá er ekkert fjallað um það hvernig takmarka eigi ágang beitar frjálsra dýra um þessi svæði, t.d. hreindýr, álfir og gæsir svo dæmi sé tekið.

Ljóst er að áhrif reglugerðarinnar á dreifbýli og sveitir landsins hefur í engu verið metið. Færa má rök fyrir því að með reglugerðinni sé rekstrargrundvelli margra sauðfjárbúa stefnt í tvísýnu. Enda sé ómögulegt fyrir bændur og sveitarfélög að uppfylla þau skilyrði sem þar eru sett.

Reglugerðin, eins og hún liggur nú fyrir, er í andstöðu við eignar og atvinnufrelsi bænda, sem varið er í stjórnarskrá. Hæpið er að hún hafi lagastoð í landgræðslulögum. Fullt tilefni kann að vera til að skjóta málinu til umboðsmanns Alþingis, verði reglugerðin ekki tekin til gagn Gerrar endurskoðunar.

Afréttarmálanefnd er sammála framangreindri umsögn og hafnar alfarið öllum hugmyndum um samþykkt þeirra draga að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu sem hér hafa verið til umræðu

2. Ástand skála á afréttinum

Tekjur af afrétti Hrunamanna hafa aukist umtalsvert með nýjum viðauka við fyrirbyggjandi samning um Kerlingarfjöll sem og með nýjum samningi um fimm skálasvæði á afréttinum við sama aðila. Allar tekjur sveitarfélagsins sem myndast á þjóðlendunni skulu ganga að fullu til framkvæmda á sömu þjóðlendu.

Ástand núverandi skála rætt af nefndarmönnum. Sérstaklega rætt um skálann í Svínárnesi sem er í frekar slæmu ástandi, þar er til dæmis ekki salerni innandyra og eldhúsaðstaða er bágborin. Nefndarmenn eru sammála um að framkvæmdir við þann skála sé brýnasta verkefni ársins þó að þörf sé einnig á lagfæringum á skálanum í Leppistungum og í Helgaskála. Nefndin leggur mikla áherslu á að málið verði unnið hratt enda sumarið á næsta leyti.

3. Verkefni sumarsins 2024

Rætt um þau verkefni sem brýnust eru á afréttinum næsta sumar.

Nefndarmenn telja brýnt að haldið verði áfram með vegbætur frá Klifinu uppúr Tungufellsdal og inn að Deild. Jafnframt þarf að tæta veginn sem þegar hefur verið lagfærður í Tungufellsdal. Nefndin telur að þær endurbætur sem ráðist var í síðastliðið sumar hafi tekist vel og þakkar bæði þeim sem unnu verkið sem og ábúendum í Tungufelli fyrir þeirra góða framlag.

Eftir þær breytingar sem orðið hafa á smalamennsku á haustin óskar nefndin eftir því að girt verði nýtt fjárgerði á Fannarsmel. Slíkt myndi vera betra fyrir sauðféð og gera smalamennskuna einfaldari. Felur nefndin formanni að ræða við sauðfjorbændur um mögulegt framlag þeirra til verksins og gera í framhaldinu sveitarstjóra kunnugt um stöðu málsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:51

Bó

Pörmundur